



Félag íslenskra sjúkráþjálfara

Reykjavík, 7. janúar 2009.

Stjórn Félags íslenskra sjúkráþjálfara (FÍSP) fagnar því að fá til umsagnar drög að frumvarpi til laga um sjúkraskrár, lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008 – 2009.

Félag íslenskra sjúkráþjálfara er fagfélag sjúkráþjálfara á Íslandi og nær til svo til allra sjúkráþjálfara landsins.

Við beinum þeirri ósk til hlutaðeigandi að félaginu verði boðin þátttaka í undirbúningsnefndum sem fjalla um málefni fagsins og stéttarinnar og getum þannig lagt okkar lóð á vogaskálarnar strax í upphafi. Svo virðist sem læknastéttinni einni hafi verið boðin þátttaka og telur félagið það á mælisverð vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins og endurspeglast það í nokkrum lagagreinum frumvarpsins.

Almennt séð skerpir frumvarpið á ýmsum atriðum í tengslum við sjúkraskrár sem ekki hefur verið nægjanlega skýrt fram til þessa.

**Umsögn stjórnar FÍSP um einstakar greinar frumvarpsdaganna eru svohljóðandi:**

3.gr. 2.liður. Við veltum því fyrir okkur hvort skilgreiningin á heilbrigðisþjónustu utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði eða fyrirbyggja sé of víð. Sem dæmi þá fellur undir þessa skýringu sjúkráþjálfari sem starfar að vinnuvernd innan fyrirtækja. Er það heilbrigðisþjónusta?

12.liður. Teljum það mikilvægt að ábyrgðaraðilinn sé skilgreindur og kannski ætti einnig að koma fram að sá sem er ábyrgðaraðili sé einnig eigandi þessara upplýsinga. En hver er ábyrgðaraðili þar sem margir sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn starfa t.d. í Domus Medica, á einkarekinni sjúkráþjálfunarstofu eða sálfræðiþjónustu? Mat okkar er að þetta sé enn svolítið óljóst í slíkum tilvikum og í raun bara spurning um hvernig hver og einn skilgreinir sína starfsemi.



- 13.liður. Mat FÍSP er það að óheppilegt sé að nefna að ein ákveðin heilbrigðisstétt sé umsjónarmaður sjúkraskráa því vissulega geta aðstæður verið þannig að annar heilbrigðisstarfsmaður en læknir sé heppilegri til starfans þrátt fyrir að læknir sé starfandi innan vinnustaðarins.
- 5 gr. Í þessari málsgrein er fjallað um tímasetningu færslunnar og við veltum því fyrir okkur við hvað er átt í því sambandi. Er átt við dagsetningu eða nánari tímasetningu þ.e. tíma sólarhringsins? Einnig teljum við það mjög mikilvægt að fram komi hvort að nauðsynlegt sé að skrá sjúkraskrá undir sama þaki og þjónustan er veitt. Í því sambandi nefnum við að t.d heimasjúkráþjálfarar vinna um allan bæ og hafa ekki fast aðsetur. Einnig eru sum sjúkraskrárkerfi þannig uppbyggð að hægt er að vinna skráningar á þau í fjarvinnslu.
- 6.gr. Í þessari grein er talað um hvað lágmarksupplýsingar þurfi að vera í sjúkraskrá. Ljóst er að þessar upplýsingar eru miðaðar út frá stofnunum og eiga alls ekki við alla heilbrigðisþjónustu. Séu viðurlög við brotum á lögnum skoðuð skv. 23 greininni þá er það mat okkar að óvarlegt sé að fastsetja þetta með slíkum hætti sem hér er gert. Félag íslenskra sjúkráþjálfara hefur sett viðmiðunarreglur um lágmarksskráningu í sjúkráþjálfun sem hentar mun betur þeirri þjónustu sem sjúkráþjálfarar veita. Sjá fylgiskjal 1.
- 8.gr Teljum að þörf sé á að skilgreina betur hvað átt er við þegar talað er um að geyma þurfi sjúkraskrár með **öruggum** hætti.
10. gr Fyrsta málsgreinin er samin með mjög miklar takmarkanir í huga með því að tala einungis um heilsugæslustöðvar. Í sumum tilfellum getur það verið mjög mikilvægt að öll sjúkraskrá einstaklings færist á milli þjónustuaðila innan heilbrigðisþjónustunnar þó ekki sé um heilsugæslu að ræða.
- 17.gr Fagna ber gæðapróun og gæðaeftirliti með heilbrigðisþjónustu en við myndum vilja sjá það skilgreint hér hverjir það eru sem veita það eftirlit eða eiga að sinna gæðapróun. Samkvæmt lögum um embætti Landlæknis þá á embættið að sjá um eftirlit, en samt sem áður fer



Félag íslenskra sjúkráþjálfara

einnig fram ákveðið eftirlit innan Sjúkratrygginga Íslands (áður TR). Það þarf að vera alveg skýrt hver sér um hvaða eftirlit og hefur FÍSP þegar bent á þetta í umsögunum sínum um frumvörp til laga um embætti Landlæknis og um Sjúkratrygginar Íslands.

22.gr Þarna er talað um eftirlitið og eftirlitsúrræði sem landlæknir getur beitt. Við viljum sjá það skýrt í þessum lögum um það hvort framsal eftirlits frá Landækni sé leyfilegt eða ekki, þ.e. að embættið geti veitt öðrum aðilum / stofnunum leyfi til að sjá um eftirlitið fyrir sína hönd. Þannig hefur Landlæknisembættið valið að túlka lögin sem um embættið fjallar, a.m.k gagnvart stétt sjúkráþjálfara.

Einnig tekur stjórn FÍSP undir þau orð sem komið hafa áður fram frá öðrum umsagnaraðilum um að ákveðna fjárveitingu þurfi til að fjármagna öflugt rafrænt sjúkraskrárkerfi því ekki er hægt að gera ráð fyrir að fjármögnun þess komi frá þjónustuaðilum / stofnunum innan heilbrigðisþjónustunnar.

Stjórn Félags íslenskra sjúkráþjálfara þakkar fyrir að fá tækifæri til umsagnar og gerir ráð fyrir að fullt tillit verði tekið til athugasemda félagsins.

Virðingarfyllst,

Stjórn Félags íslenskra sjúkráþjálfara

Auður Ólafsdóttir  
Mundína Á Kristinsdóttir  
Halldóra Eyjólfsdóttir  
Ása Dagný Gunnarsdóttir  
Anna Sólveig Smáradóttir

# Viðmiðunarreglur um lágmarksskráningu í sjúkraþjálfun

Samþykktar á aðalfundi Félags ísl. sjúkraþjálfara 26. febrúar 2000.

## Markmið skráningar:

- Að auka innri gæði og fagleg vinnubrögð og tryggja með því betri meðferð.
- Að auðvelda mat á árangri meðferðar
- Að hægt sé að ganga að ákveðnum grunnupplýsingum í skýrslum sjúkraþjálfara.
- Að skapa traustan grunn til kannana og rannsókna.
- Að bæta samvinnu og auka upplýsingaflæði milli þeirra fagaðila, sem annast skjólstæðinga, ekki síst lækna og sjúkraþjálfara.
- Að vinna að gagnkvæmu trausti milli sjúklings, læknis og sjúkraþjálfara.
- Að styrkja lagalega stöðu sjúklings og sjúkraþjálfara
- Að auka skilning á störfum sjúkraþjálfara
- Að gera vinnubrögð og mat sjúkraþjálfara sýnileg.

## Viðmiðunarreglur:

- Skýrslu skal ýmist skrá með penna og undirrita af sjúkraþjálfara, eða á tölvu.
- Öll gögn um sjúklinga skulu vera tryggilega geymd (l)
- Send gögn geta ýmist verið stytta útgáfa af skýrslum, eða skýrslan í heild.

## Viðmiðunarrammi í einstaklingsmeðferð:

|                             |   |
|-----------------------------|---|
| Nafn                        |   |
| Kyn                         | Þjálfun hefst / þjálfun endar / fjöldi skipta (b) |
| Kennitala                   | Saga (c)  |
| Heimilisfang                | Skoðun (d)  |
| Heimasími / vinnusími       | Niðurstaða skoðunar (e)                           |
| Starf                       | Markmið (f)                                       |
| Nafn aðstandanda            | Meðferðaráætlun                                   |
|                             | Meðferð   |
| Nafn sjúkraþjálfara         | Gangur meðferðar (g)                              |
| Vinnustaður sjúkraþjálfara  | Árangur og ástand við útskrift (h)                |
| Nafn tilvísandi læknis      |   |
| Sjúkdómsgreining læknis (a) |   |

## Nánari útfærsla á skráningu:

- a) ICD númer frá lækni
- b) Æskilegt er að skrá þann tíma sem fer í vinnu tengda viðkomandi sjúklingi þ.m.t. meðferð, skráning, símtöl, bréfaskriftir, fundir ofl.
- c) Heilsufarssaga, félagssaga, saga núverandi einkenna. Vandamál að mati sjúklings fyrri meðferðir hjá sjúkraþjálfara vegna vandamálsins og árangur. Reglubundin hreyfing og tómsundur. Rannsóknir, aðgerðir og lyf.
- d) Athugun; útlit, hvernig hreyfir viðkomandi sig, líkamsstaða prófun; s.s. sértæk próf, færni, mælingar og þreifing.
- e) Vandamálin forgangsroðuð
- f) Langtíma og skammtímamarkmið
- g) Dagnótur
- h) Lokaskoðun, ráðleggingar, úrræði og hjálpartæki

## Viðmiðunarrammi í vinnuvistfræði:

Nafn fyrirtækis / stofnunar  
Nafn tengiliðs verkkaupa  
Fjöldi starfsmanna  
Nafn sjúkraþjálfara  
Hvenær unnið  
Þjónusta sem veitt er ; úttekt, fræðsla, hönnun, þjálfun eða hléleikfimi.  
Eftirfylgni